

SKULDIR EINSTAKLINGS EFTIR SVEITARFÉLAGI



MILLJÓNIR Á HVERN ÍBÚA

”Aðvörunarbjöllur voru farnar að hringja fyrir mörgum árum hjá þeim sveitarfélögum sem hafa staðið höllum fæti, en það var ekki gripið inn í fyrr en of seint.

Sveitarfélögin eru mörg hver skuldum vafin. Í mörgum bæjum eru skuldir, deilt niður á íbúa, meira en milljón krónur á mann. Álftanes er í áberandi verstu stöðunni, en Reykjanesbær, Hafnarfjörður og Kópavogur skulda einnig mikið. Samgöngunefnd Alþingis skoðar að herða lög um sveitartelög til að koma í veg fyrir að þau geti skuldsett sig um of.

VALGEIR ÖRN RAGNARSSON



Skuldir sveitarfélagsins Álftanes nema tæpum þremur milljónum króna á hvern íbúa, samkvæmt fyrirbyggjandi tölum. Álftanes er í langverstu fjárhagslegu stöðunni af stærstu sveitarfélögum landsins, samkvæmt úrtekkt DV. Önnur sveitarfélög glíma þó við þunga skuldaþyrdi.

Skuldir Kópavogsbæjar samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins fyrir 2010 nema um einni milljón og fimmtíu og níu þúsund krónum á hvern íbúa í bænum. Þá er tekið tillit til langtíma- og skammtímaskulda, auk skuldbindinga. Skuldir og skuldbindingar Kópavogs eru í heildina um 32,1 milljarður króna.

Skuldir og skuldbindingar Reykjavíkur eru um 42,8 milljarðar samkvæmt sömu gögnum. Ef skuldunum er deilt niður á alla íbúa borgarinnar eru þær þó miklu lægri en í Kópavogi, eða um 361 þúsund krónur á hvern íbúa. Ekki er tekið tillit til eignastöðu sveitarfélaganna.

Vilja skerpa regluverkið

Björn Valur Gíslason, formaður samgöngunefndar Alþingis, bendir á að erfið fjárhagsstaða sveitarfélaganna hafi verið rædd í nefndinni, þar sem fulltrúar frá samgönguráðuneytinu auk eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga hafi verið á fundinum. „Það kom fram á fundinum að Álftanes stendur langverst, hins vegar eru önnur sveitarfélög sem standa illa, það er verið að vakta þau og beita þeim brögðum sem tiltæk eru. Þetta eru sjálfstæðar stjórnsýslueiningar og við ræddum hvort þyrfti að endurskoða sveitarstjórnarlög með það í huga að grípa fyrr inn í þegar sýnt þætti að stefndi í óefni,” segir Björn Valur.

Rætt hefur verið um að skerpa regluverkið til að skýrar sé kveðið á um hvað sveitarfélög megji skuld-

setja sig mikið. „Aðvörunarbjöllur voru farnar að hringja fyrir mörgum árum hjá þeim sveitarfélögum sem hafa staðið höllum fæti, en það var ekki gripið inn í fyrr en of seint,” segir hann.

Erfið staða suður með sjó

Skuldir Hafnarfjarðar, skipt niður á hvern íbúa í bænum, eru um það bil 972 þúsund krónur á mann. Skuldirnar í heildina nema um 25,1 milljarði króna. Í Reykjanesbæ er staðan líka erfið, en skuldir bæjarins nema rúmlega milljón á hvern einasta íbúa í bænum. Í báðum sveitarfélögum eru skuldirnar tilkomnar vegna mikilla framkvæmda á síðustu árum.

Það er þó ekki eingöngu á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum sem sveitarfélög eru skuldug upp fyrir haus. Svipuð staða er í Stykkishólmi en þar skuldar hver einasti íbúi um 1,2 milljónir króna.

Akureyrarbær skuldar í heildina tæpa 15 milljarða króna, en það gerir um 853 þúsund króna á hvern íbúa.

„Öfug veðsetning“

Í samgöngunefnd hefur verið til umræðu að koma böndum á að sveitarfélög geti selt byggingar sínar eins og Álftanes og Reykjanesbær hafa gert. Félagið Fasteign hefur keypt byggingar í sveitarfélagunum, en Árni Þór Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, er stjórnarformaður félagsins. Þetta vill Björn Valur skoða. „Það er ástæða til að líta til þeirra hluta sem gerðust, þar sem sveitarfélögum er meðal annars bannað að veðsetja skólabyggingar. Í stað þess eru byggingar seldar en þeir skuldbinda sig til að borga leigu af þeim. Þetta er öfug veðsetning. Það er verið að velta því fyrir sér að takmarka þennan möguleika frekar, þetta endar á ríkinu fyrir rest eins og gerist í tilfalli Álftanes. Ríkið hefur verið að greiða laun starfsmanna þar.”

